**45. fundur framkvæmda- og veitunefndar haldinn í Aratungu, Reykholti, miðvikudaginn 10. janúar 2024, kl. 15:00.**

**Fundinn sátu:**
Stefanía Hákonardóttir, Helgi Kjartansson, Jón Forni Snæbjörnsson, Ásta Stefánsdóttir, Benedikt Skúlason og Kristófer Arnfjörð Tómasson.

**Fundargerð ritaði**: Ásta Stefánsdóttir, sveitarstjóri.

1. **Aukin heitavatnsnotkun Gufu ehf vegna Fontana - 2312022**

   Erindi Gufu ehf, dags. 20.12.2023 vegna aukinnar notkunar á heitu vatni vegna stækkunar á starfsemi félagsins við Laugarvatn. Vísað til framkvæmda- og veitunefndar á 350. fundi sveitarstjórnar.

   *Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að ráðist verði í borun eftir heitu vatni á Laugarvatni á grunni þeirra rannsókna sem gerðar voru varðandi orkuöflun þar.*

2. **Dæluhús Bláskógaveitu Laugarvatni - 2305015**

   Undirbúningur að framkvæmdum við dæluhús, Laugarvatni.

   *Farið var yfir hönnunargögn. Kostnaðaráætlun mun liggja fyrir á næstu dögum.*

3. **Tungurimi Borgarrimi 2. áfangi - 2208024**

   13. fundur haldinn 30.11.2023
   14. fundur haldinn 21.12.2023

   *Fundargerðir verkfunda voru lagðar fram.*

4. **Áskorun um endurbætur á áhaldahúsi í Reykholti fnr. 222-6776 - 2311006**

   Tillaga um að ráðist verði í endurbætur á áhaldahúsi í Reykholti (gamla slökkvistöðin).

   *Sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs gerði ráð fyrir viðhaldsþörf og áætlun um kostnað. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að ráðist verði í verkefnið. Kostnaður er áætlaður um 5,7 millj.kr.*

5. **Endurbætur á gufubaði á Laugarvatni - 2401036**

   Beiðni um fjárheimild vegna endrubóta á gufubaði.

   *Sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs gerði grein fyrir viðhaldsþörf og stöðu verksins, en áætlað var að vinna það á síðasta ári. Áætlað er að til að ljúka verkinu þurfi viðbótarfjárveitingu að fjáhæð kr. 3.500.000. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt.*

6. **Viðhald Árbúða 2024 - 2311004**

   Viðhald Árbúða, niðurstöður skoðunar sviðsstjóra á húsinu. Áður á dagskrá á 42. fundi.

   *Framkvæmda- og veitunefnd samþykkir að fresta afgreiðslu málsins.*

**7. Viðhald skólastjórabústaðar (Mosar 1) Reykholti - 2401037**

Viðhald skólastjórabústaðar (Mosa 1), Reykholti.

*Sviðsstjóri framkvæmda- og veitusviðs gerði grein fyrir viðhaldsþörf og stöðu verksins, en áætlað var að vinna það á síðasta ári. Áætlað er að til að ljúka verkinu þurfi viðbótarfjárveitingu að fjáhæð kr. 15.000.000. Framkvæmda- og veitunefnd leggur til við sveitarstjórn að erindið verði samþykkt.*

**8. Umsókn í styrkvegasjóð 2023 - 2401039**

Tilkynning Vegagerðarinnar, dags. 01.12.2023 um að Bláskógabyggð hafi verið veittur styrkur úr styrkvegasjóði.

*Tilkynning Vegagerðarinnar var lögð fram. Þar er tilkynnt um 3.500.000 kr framlag til lagfæringar á gömlu Tungufljótsbrúnni.*

**9. Skilagrein sorphirðu fyrir árið 2022 - 2401038**

Skilagrein Íslenska gámafélagsins vegna sorphirðu fyrir árið 2022

*Skilagreinin var lögð fram til kynningar.*

Fundi slitið kl. 16:00.

Stefanía Hákonardóttir

Helgi Kjartansson

Jón Forni Snæbjörnsson

Ásta Stefánsdóttir

Benedikt Skúlason

Kristófer Arnfjörð Tómasson